

# Af vettvangi garðfugla

Texti Ólafur Einarsson  
Myndir Örn Óskarsson

## Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturna 2012–13 og 2013–14

### Skógarþrestir fastagestir í görðum

Einn af föstum liðum í starfsemi Fuglaverndar er Garðfuglakönnun. Veturinn 2013–14 var hún haldin í tuttugasta sinn og því hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan könnunin hófst. Í upphafi var þátttökueyðublað sent til félaga í pósti í byrjun vetrar. Á þeim tíma var tölvupóstur að slíta barnskónum og fólk ekki farið að nýta möguleika netsins til fullnustu. Það var dýrt að senda eyðublöðin í pósti og því var gripið til þess ráðs í nokkur ár að senda það aðeins til þeirra sem einhvern tímann höfðu tekið þátt í könnuninni. Undanfarin ár hefur eyðublaðið verið aðgengilegt á netinu á vef Fuglaverndar og einnig á Garð-

#### 1. tafla

Athuganastaðir Garðfuglakönnunar í mismunandi landshlutum frá vetrinum 1994–95 til 2013–14.

Svæði	Fjöldi
Reykjavík	13
Akureyri og Eyjafjörður	6
Garðabær	5
Kópavogur	5
Hafnarfjörður	4
Húsavík	4
Höfn	4
Seyðisfjörður	4
Heimaey	3
Selfoss	3
Stokkseyri	2
Stykkishólmur	2
Akranes	1
Álfanes	1
Egilsstaðir	1
Fljótshlíð	1
Hvalfjörður	1
Hvolsvöllur	1
Jökuldalur	1
Kelduhverfi	1
Laugarás, Biskupstungum	1
Mosfellsbær	1
Sandgerði	1
Siglufjörður	1
Skagafjörður	1
Öræfi	1
Alls	69



Skógarþrestur *Turdus iliacus*. Fastagestir í görðum landsmanna.

fuglavefnum. Það hefur þó ekki skilað eins mikilli þátttöku og á upphafsárinu. Veturinn 2012–13 voru 16 félagar sem sendu inn niðurstöður og þeim fjölgæði í 20 síðasta vetur. Þátttakan hefur því aðeins aukist þótt hún hafi ekki aftur náð því sem hún varð fyrsta veturinn, en þá var talið á 29 stöðum.

Frá því að Garðfuglakönnun hóf göngu sína hafa þátttakendur komið viða af landinu. Þátttakan hefur verið mest í þéttbýlinu á SV-horninu, eins og búast mátti við og athuganastaðir hafa flestir verið í Reykjavík. Á tímabili var mjög góð þátttaka á Seyðisfirði og Heimaey, en á báðum þessum stöðum hefur áhuginn dalað og enginn sent þaðan niðurstöður síðustu ár. Athyglisvert er að enginn hefur nokkru sinni sent tölur frá Vestfjörðum (1. tafla). Ætli áhugi á garðfuglum sé minni á þessu svæði eða eru garðfuglar ekki eins áberandi þar og annars staðar? Kannski eru félagar í Fuglavernd færri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum? Fuglaáhugi er eflaust ekki minni þar en annars staðar á landinu.

Misjafnt er hve oft félagar hafa sent inn niðurstöður. Sumir einungis í eitt ár, aðrir í tvö ár en að meðaltali eru félagar með í könnuninni í fimm vetur. Fjórir félagar hafa sent inn niðurstöður öll tuttugu árin; Gaukur Hjartarson frá Húsavík, Jóhann Óli Hilmarsson frá Reykjavík og síðar Stokkseyri, Ólafur Einarsson frá Reykjavík og Sverrir Thorstensen frá Akureyri.

#### Niðurstöður Garðfuglakönnunar

Niðurstöður vetrarins 2012–13 sýna að Jóhann Óli Hilmarsson, Stokkseyri, sá flestar tegundir (17) í sínum garði og Gaukur Hjartarson, Húsavík, kom næstur og skráði 14 tegundir. Meðaltalið þennan vetur var 8,9 tegundir sem er með því lægra sem sést hefur en meðaltalið hefur oftast verið yfir níu tegundir. Veturinn 2013–14 sá Jóhann Óli Hilmarsson einnig flestar fuglategundir (19), næstur honum var Örn Óskarsson, Selfossi (18). Pennan vetur var meðalfjöldi hjá athugendum 9,4 tegundir. Sjálfsagt má skýra þennan mismun með því að færri flækingsfuglar hafi borist til landsins fyrra tímabilið en hið síðara.

#### 2. tafla

Tíðni algengustu fuglategunda í Garðfuglakönnun veturinn 2012–13 og 2013–14.

	2012–13		2013–14	
Tegund	Garðar	%	Garðar	%
Auðnuttítingur	13	81	19	95
Gráþróstur	2	12,5	7	35
Hettumáfur	4	25	3	15
Hrafn	13	81	16	80
Maríuerla	2	12,5	5	25
Múscarindill	5	31	12	60
Sílkitoppa	9	56	2	10
Sílamáfur	6	38	2	10
Skógarþróstur	16	100	20	100
Smyrill	5	31	3	15
Snjótíttlingur	10	63	20	100
Stari	14	88	15	75
Svartþróstur	10	63	17	85

Athuganatímabilin tvö sáust skógarprestir í öllum görðum og hefur það verið svo frá vetrinum 1996–97. Skógarþróstur er eina tegundin sem sést reglulega í öllum görðum athugenda. Auðnuttlingar voru einnig tíðir gestir í görðum og eru þeir meira áberandi en við upphafar athugana. Stofn þeirra hefur líklega stækkað síðustu áratugina með aukinni skógrækt og trjárækt í görðum. Ennfremur eru margir farnir að fóðra auðnuttlinga. Það var minna stundað áður, enda var fuglafóður ekki til í eins miklu úrvali. Innflutningur sólblómafræja fyrir villta fugla hófst fyrir nokkrum árum og sækja auðnuttlingar mjög á fóðurstaði þar sem það er í boði. Sílkt fóður er nú hægt að kaupa á skrifstofu Fuglaverndar á Hverfisgötu 105.

Hrafnar hafa sést í 80–95% af görðum allt frá vetrinum 1999–2000 og það hlutfall helst enn stöðugt. Starar voru skrádir í svipuðum mæli og hrafnar, þrátt fyrir að þeir verpi ekki eins víða um landið. Snjóttilingar voru ekki áberandi fyrri veturinn og hafa ekki áður sést á jafn fáum stöðum. Veturinn 2013–14 voru þeir hins vegar skráðir á öllum athugunarstöðum. Veðurgögn sýna að veturinn 2012–13 var hlýr í Reykjavík. Þetta var fjórði hlýjasti vetur frá 1950 og hitinn var 1,5 °C yfir meðallagi. Snjóttilingar hafa því líklega haft nóg að bíta og brenna úti í náttúrunni og ekki sótt mikið í fóður þann vetur. Dæmið snérist við veturinn 2013–14 en þá var mikill snjór á landinu, sérstaklega norðan og austanlands. Jarðbónn voru víða um land vegna klaka allt frá því í desember 2013 og fram eftir vetri. Fyrri veturinn voru svartþrestir ekki eins áberandi í görðunum og undanfarin ár en þann síðari sáust þeir hjá 85% athugenda og hefur hlutfallið ekki farið eins hátt áður. Svartþrestir eru nú tíðari í görðum og helst það í hendur við landnám þeirra um aldamótin síðustu. Í upphafi Garðfuglakönnunar var ekkert sem benti til þess að svartþrestir yrðu jafn algengir varpfuglar á Innesjum og raunin hefur orðið og nú eru þeir að breiðast út á Suðurlandi. Svartþrestir eru byrjaðir að verpa á Selfossi og víðar. Þeir eru einnig að koma sér fyrir á Vesturlandi og Norðurlandi. Syngjandi karlfuglar voru þar á nokkrum stöðum síðasta vor. Músarrindlar voru ekki áberandi veturinn 2012–13 en það var eins með þá og auðnuttlinga að þeir sáust víðar nú en

fyrir tuttugu árum þó svo að fáir komi í hvern garð. Þeir mísarrindlar sem heimsækja garða koma ekki í fuglafóður. Þeir eru hins vegar iðnir við að tína ýmis smádýr.

Smyrlar létu sjá sig í fáeinum görðum og hefur dregið úr heimsóknnum þeirra og sjást þeir á færri stöðum undanfarin ár. Í gegnum árin hafa þeir verið meira áberandi þegar mikið er af snjóttilingum en það var ekki svo veturinn 2013–14. Gráþrestir er reglulegir gestir hjá athugendum. Þeir voru ekki áberandi fyrri veturinn og hafa aldrei áður sést á jafn fáum stöðum Síðari veturinn voru þeir tíðari. Silkitoppur sáust nokkuð víða veturinn 2012–13 en þær voru einungis skráðar í tveimur görðum 2013–14. Frá árinu 2008 hafa þær komið oftari til landsins en á árum áður. Undanfarið hafa þær verið áberandi annan hvern vetur að jafnaði og er greinilegt að heimsóknir þeirra fylgja öðru mynstri nú en áður fyrr. Það er ennfremur möguleiki að eitthvað af þessum fuglum sem sjást séu íslenskir varpfuglar. Fyrsta staðfesta varpið var sumarið 2010 á þremur stöðum (sjá Fugla nr. 8), en varp hefur ekki verið staðfest síðan.

### Nýr og sjaldgæfir fuglar

Frá því að athuganir hófust, veturinn 1994–95, hafa verið skráðar 83 tegundir sem er hærra tala en fjöldi reglulegra varpfugla á landinu. Sautján af þessum tegundum hafa sést á hverju ári. Ein ný tegund, haftyrðill, sást veturinn 2012–13 en það var fugl sem almennt er ekki tengdur görðum. Hann nauðlenti í norðanátt í garði í Kelduhverfi. Tók sig svo á loft og hvarf í sort-



Rósafinka *Carpodacus erythrinus* var ný tegund sem sást í Garðfuglakönnun og var fuglinn í nokkrar vikur á Selfossi í upphafi vetrar 2013–14.

ann skv. Aðalsteini Erni Snæþórssyni. Haftyrðlar sjást reglulega við landið að vetrarlagi, sérstaklega eftir ríkjandi norðanáttir, en það er sjaldgæft að þeir dúkki upp í görðum. Þrjár nýjar tegundir sáust veturinn 2013–14; kjarnbítur í Kelduhverfi, rósafinka á Selfossi og seylutdlingur (*Melospiza lincolni*) í Hafnarfirði. Þetta var í fyrsta sinn sem sú tegund sést á Íslandi. Seylutdlingurinn dvaldist í góðu yfirlæti fram á vor í gróðrarstöðinni Þöll þar sem hann kom reglulega á fóðurstæð. Aðrir flækingsfuglar sem sáust voru hettusöngvari, sem ávallt sést hjá nokkrum athugendum og hefur verið eini flækingsfuglinn sem hefur sést á hverjum vetri frá upphafi könnunarinnar. Fjallafinka var skráð í tveimur görðum báða vetur, garðsöngvari á einum stað veturinn 2013–14, gransöngvari á einum stað báða vetur, glóbrystingur á einum stað veturinn 2012–13, hrímtuttingur á einum stað fyrri veturinn en á þremur stöðum þann seinni. Lítið bar á krossnefjum þessa tvo vetur og þeir koma lítið í garða þrátt fyrir að vera varpfuglar í barrskógunum víða um land. Þeir sáust bara á Selfossi seinni veturinn. Landsvala var skráð í Kelduhverfi fyrra tíma bilið og það var í þriðja sinn sem hún nær inn á lista könnunarinnar. Söngþróstur sást á Höfn veturinn 2012–13.

### Pakkarorð

Kærar þakkir til þeirra félaga sem sendu inn talningar sínar, nú sem fyrr. Aðrir eru hvattir til þess að taka þátt í Garðfuglakönnun, sérstaklega þeir sem búa á vesturhluta landsins, en enginn þátttakandi var á Norðvesturlandi, Vestfjörðum og Vesturlandi síðustu tvo vetur. Frá þeim landshlutum vantar sárlega upplýsingar um garðfugla. Vonandi tekst að halda úti Garðfuglakönnun áfram næstu árin en það veltur náttúrulega á áhuga og elju félaga. Það hefur ýmislegt fróðlegt komið í ljós frá því að Garðfuglakönnun byrjaði og undirstrika gögnin mikilvægi garða fyrir ákveðnar fuglategundir. Garðar fóstra víða auðugt lífríki og gegna hlutverki í vistkerfi því sem nær að dafna á byggðu boli.